

3. bekkur

Námsgrein: Myndlist

Kennari: Guðbjörg Lilja Jónsdóttir og Margrét Jónsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Menntagildi námsgreinar:

Með listum getur maðurinn tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast skilning og reynslu sem ekki verður færð í orð. Listsköpun opnar einstaklingum fjölbreyttar leiðir til að vinna með hugmyndir, varpa fram spurningum, endurspegla og túlka eigin reynslu og annarra. Þannig þroska nemendur hæfileika sinn og getu til að vega og meta gjörðir sínar og umhverfi með gagnrýnum hætti. Við listsköpun opnast oft ný og óvænt sjónarhorn á hugmyndir og hluti, það losnar um hömlur og kímigáfa nemenda fær gjarnan notið sín í óvenjulegum og ögrandi verkefnum. Við slíkar aðstæður koma leyndir hæfileikar gjarnan fram og nemendur tengjast innbyrðis á annan hátt en í öðrum greinum.

Áhersla lögð á persónulega tjáningu og sjálfstæð vinnubrögð. Örva skapandi hugsun nemanda og kenna helstu grundvallaratriði myndlistar. Auka færni einstaklingsins til myndsköpunar og gefa tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafli sitt.

Gefa nemendum færi á að verða meðvitaðri á myndrænan boðskap með skapandi starfi og tengslum við listasöguna

Listasaga

Ýmsir þekktir listamenn verða kynntir og velt vöngum yfir aðferðum og hugmyndum þeirra til myndsköpunar. Unnið verður samhliða í skissubækur fyrir persónulegar úrlausnir.

Teiknun

Nemendur læra að teikna frá sínum reynsluheimi, með því að skoða, uppgötva og upplifa.

Litafræði og Málun

Nemendur læra að þekkja frumlitina og uppgötva blöndun þeirra og gera tilraunir með blöndun lita.

Mótun

Ef hópurinn er samstilltur er farið í þrívíddarvinnu og er áhersla lögð á persónulega tjáningu og sjálfstæð vinnubrögð.

Kennarinn útfærir markmiðin eftir þeim áherslum sem hann hefur.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar, skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum, • tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt, • unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, • útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki, • greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka. 	<p>Þekkingaröflun og hugmyndavinna snýr að undirbúningsvinnu og tækniþjálfun. Nemandur viðá að sér upplýsingum og efni, kanna, rannsaka, prófa, ímynda sér, læra tækni, forma, taka áhættu sem skerpir eigið þor og traust bæði til viðfangsefnisins og eigin hugmynda.</p> <p>Framkvæmd felur í sér að nemendur beita aðferðum þar sem þeir umbreyta, túlka, flytja, sýna, prófa, forma og framleiða. Greining felur í sér að nemendur dýpka skilning sinn og upplifun með umræðu, tjáningu og mati. Nemandur greina, yrða, meta, virða, gagnrýna, bera saman, túlka, ígrunda og rannsaka.</p> <p>Samhengi felur í sér að setja ferlið í sögulegt, menningarlegt, persónulegt og félagslegt samhengi. Nemandur yrða, meta, ígrunda, skipuleggja/endurskipuleggja, smíða kenningar, þroskast og breytast.</p>
<p>Námsmat:</p> <p>Leiðsagnarmat fer stöðugt fram þar sem nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur. Vinna og vinnubrögð nemenda á meðan á verkferli stendur og verkmappa, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, uppdrættir og tillögur er til grundvallar lokamati. Athugasemdir og tilraunir eru metnar til jafns við fullunnin verk. Í lok námstímabils, ýmist í janúar eða maí, fá nemendur lokamat á þau hæfniviðmið sem metin eru og eru niðurstöður færðar inn í Mentor.</p>	